

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2123

2024/EES/11/01

frá 30. nóvember 2016

um samræmingu gildissviðs og skilyrða fyrir almenn tilflutningsleyfi fyrir heri og innkaupastofnanir, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB

(tilkynnt með númeri C(2016) 7711) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Samkvæmt 5 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB (1) ber aðildarríkjum skylda til að birta a.m.k. fjögur almenn tilflutningsleyfi.
- Almenn tilflutningsleyfi eru lykilorðir í því einfaldaða leyfisveitingakerfi sem er innleitt með tilskipun 2009/43/EB.
- Mismunur á gildissviði almennra tilflutningsleyfa sem aðildarríki birta, að því er varðar varnartengdar vörur sem falla undir það, og mismunandi skilyrðum fyrir tilflutningi á þessum vörum, gæti hindrað framkvæmd tilskipunar 2009/43/EB og að markmiðum hennar um einföldun verði náð. Samræming gildissviðs og skilyrða fyrir tilflutningum samkvæmt almennu tilflutningsleyfunum, sem aðildarríki birta, er mikilvæg til að tryggja aðdráttarafl og notkun þessara leyfa.
- Fulltrúar aðildarríkjanna í nefndinni sem komið var á fót skv. 14. gr. tilskipunar 2009/43/EB hafa gefið til kynna að samræming gildissviðs og skilyrða fyrir tilflutningum samkvæmt almennu tilflutningsleyfunum, sem aðildarríki birta, gæti náðst með því að samþykkja tilmæli framkvæmdastjórnarinnar.
- Þær viðmiðunarreglur sem settar eru fram í þessum tilmælum eru niðurstöður úr samningaviðræðum við aðildarríki varðandi samræmingu gildissviðs og skilyrða fyrir tilflutningi samkvæmt almenna tilflutningsleyfinu fyrir heri og innkaupastofnanir, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/43/EB.
- Litið er á þessi tilmæli sem grundvöll fyrir almennu tilflutningsleyfunum fyrir heri og innkaupastofnanir, sem aðildarríki birta. Varnartengdu vörurnar, sem tilgreindar eru í lið 1.1 í þessum tilmælum, tákna lágmarksskrá, sem er ekki tæmandi, yfir vörur sem aðildarríki leyfa tilflutning á samkvæmt almenna tilflutningsleyfinu þeirra fyrir heri og innkaupastofnanir. Þetta þýðir að almenna tilflutningsleyfið fyrir heri og innkaupastofnanir, sem aðildarríki birtir, getur einnig veitt heimild til tilflutnings á öðrum varnartengdum vörum sem skráðar eru í viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB en eru ekki tilgreindar í þessum tilmælum.
- Aðildarríkin minna á að þau eru bundin skyldum samkvæmt evrópskum lögum, svo sem sameiginlegri afstöðu ráðsins 2008/944/SSUÖ (2) og alþjóðlegum skuldbindingum á sviði útflutningseftirlits.
- Tilmæli þessi gilda um sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB. Tilmæli þessi verða uppfærð þegar nauðsynlegt er til þess að endurspeglar framtíðaruppfærslur á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 329, 3.12.2016, bls. 101. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6, 30.1.2020, bls. 34.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins (Stjttíð. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 1).

(2) Sameiginleg afstaða ráðsins 2008/944/SSUÖ frá 8. desember 2008 um skilgreiningu á sameiginlegum reglum um eftirlit með útflutningi á hernaðarlegri tækni og búnaði (Stjttíð. ESB L 335, 13.12.2008, bls. 99).

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

1. ALMENN TILFLUTNINGSLEYFI FYRIR HERI OG INNKAUPASTOFNANIR, EINS OG UM GETUR Í A-LIÐ 2. MGR. 5. GR. TILSKIPUNAR 2009/43/EB

1.1. **Varnartengdar vörur sem heimilt er að flytja samkvæmt almenna tilflutningsleyfinu fyrir heri og innkaupastofnanir, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/43/EB**

Eftirfarandi ML-flokkar, með undirliðum, eru hluti skrárinnar yfir varnartengdar vörur sem mælt er fyrir um í viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB. Almenna tilflutningsleyfið fyrir heri og innkaupastofnanir, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar, skal, að lágmarki, heimila flutning á varnartengdum vörum sem tilgreindar eru í ML-flokkunum hér að neðan. Aðildarríki geta valið að bæta við fleiri ML-flokkum með samsvarandi varnartengdum vörum í almennu tilflutningsleyfin sín fyrir heri og innkaupastofnanir.

Skrá yfir ML-flokka sem leyfið þarf að ná yfir að lágmarki:

— ML4, a- og b-liður. Allar vörur eru innifaldar nema:

- jarðsprengjur og tundurdufl,
- klasasprengjur, sprengifimar smásprengjur og dreifisprengjur og sérhannaðir íhlutir þeirra,
- riffilsprengjur og handsprengjur,
- tundurskeyti, tundurskeyti án sprengjuodda og tundurskeytahylki,
- sprengjur,
- markstýrð, ómarkstýrð og önnur skeyti (eldflaugar, flugskeyti, handfæranleg loftvarnarkerfi (MANPADS) o.s.frv.),
- sprengibúnaður fyrir fótgönguliða, viðloðunar- og holuhleðslur.

Að því er varðar þessi vopn, er eftirtalið einnig undanskilið:

- sprengjuoddar og sprengjuhleðslur,
- kveikjuhleðslur,
- markgreiningaroddar, stýrikerfi, miðunarbúnaður,
- stök eldflaugaprep,
- endurinnkomugeimfarartæki,
- hreyflar,
- stýrikerfi þrýstistefnu (e. *thrust vector control systems*)
- skotkerfi og skotbúnaður,
- kerfi fyrir lagningu, ginningu, truflun eða splundrun,
- sérhannaðir íhlutir fyrir handfæranleg loftvarnarkerfi (MANPADS).

— ML5. Allar vörur eru innifaldar nema:

- hlutir til gagnaðgerða,
- íhlutir og búnaður sem er undanskilinn öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.

— ML6. Allar vörur eru innifaldar nema:

- fullbúin ökutæki,
- undirvagnar og byssustæði,
- íhlutir og búnaður sem er undanskilinn öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.

— ML7, g-liður.

- ML9. Allar vörur nema:
 - fullgerð skip og kafbátar
 - leitartæki undir yfirborði vatns/sjávar og sérhannaðir íhlutir í þau,
 - kerfi með knúningsafl óháð lofti fyrir kafbáta og sérhannaðir íhlutir í þau,
 - heilir skipsskrokkar,
 - hlutir til gagnaðgerða,
 - íhlutir og búnaður sem er undanskilinn öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.
- ML10. Allar vörur nema:
 - fullgerð loftför,
 - fullgerð ómönnuð loftför (UAV) og íhlutir sem eru sérhannaðir eða hefur verið breytt sérstaklega fyrir ómönnuð loftför,
 - bolir orrustuflugvéla og orrustuþyrlna,
 - hreyflar fyrir orrustuflugvélar,
 - íhlutir og búnaður sem er undanskilinn öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.
- ML11, a-liður. Einungis eftirtaldar vörur:
 - stýri- og leiðsögubúnaður, að undanskildum kerfum fyrir handfæranleg loftvarnarkerfi (MANPADS) eða kerfi sem skilgreind eru í I. flokki Eftirlitskerfisins með flugskeytataekni (MTCR I),
 - sjálfvirk skipana- og stjórnkerfi.
- ML13, c- og d-liður.
- ML14. Allar vörur nema þjálfar fyrir handfæranleg loftvarnarkerfi (MANPADS).
- ML15, b-, c-, d- og e-liður.
- ML16. Allar vörur nema:
 - hlutir sem varða handfæranleg loftvarnarkerfi (MANPADS),
 - allir hlutir sem varða vörur, sem ekki er leyft að flytja út með sama almenna tilflutningsleyfinu.
- ML17, a-, b-, d-, e-, j-, k-, l-, m-, n-, o- og p-liður. Allar vörur nema:
 - n-liður: prófunarlíkön eru undanskilin ef þau eru sérhönnuð fyrir þróun hluta sem taldir eru upp í ML4, ML6, ML9 eða ML10, sem og sérhannaðir íhlutir fyrir þessi prófunarlíkön.
- ML21, a- og b-liður. Einungis eftirtaldar vörur og einungis ef þær eru leyfðar í öðrum flokkum í sama almenna leyfinu:
 - a) „hugbúnaður“ sem er sérhannaður eða breyttur fyrir eitthvað af eftirtöldu:
 - 1. rekstur eða viðhald búnaðar sem mælt er fyrir um í viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB,
 - b) sérstakur „hugbúnaður“, annar en sá sem tilgreindur er í ML21.a, sem hér segir:
 - 1. „hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður til líkanagerðar, hermunar eða mats á hervopnakerfum,
 - 4. „hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður fyrir skipanir, fjarskipti, stjórnun og greiningarstarfsemi (C3I) eða skipanir, fjarskipti, stjórnun, tölvumeðferð og greiningarstarfsemi (C4I).

- ML22, a-liður. Öll tækni önnur en sú sem er nauðsynleg til þróunar og framleiðslu og einungis ef hún er leyfð í öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.

1.2. Skilyrði sem felld skulu inn í almenna tilflutningsleyfið fyrir heri

Eftirfarandi skrá yfir skilyrði er ekki tæmandi. Samt sem áður skulu önnur skilyrði, sem aðildarríki hefur bætt inn í almennt tilflutningsleyfi fyrir heri og innkaupastofnanir, ekki stangast á við eða grafa undan neðangreindum skilyrðum.

- Landfræðilegt gildissvæði: Evrópska efnahagssvæðið (ESB 28 + Ísland og Noregur ⁽¹⁾).
- Endurtekinn tilflutningur innan EES er leyfður án fyrirframeftirlits; einungis væri hægt að krefjast skýrslu eftir á.
- Almenna tilflutningsleyfið fyrir heri og innkaupastofnanir er ætlað til endanlegrar notkunar þar til bærra viðtakenda, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/43/EB. Sölu sem eiga sér stað síðar og sem ekki er vitað um þegar tilflutningur hefst teljast nýr útflutningur. Að því er varðar nýjan útflutning er það skylda lögbærs yfirvalds í viðtökuaðildarríkinu að stýra útflutningi eða tilflutningi sem settur er af stað með sölu sem á sér stað síðar og sem ekki er vitað um þegar tilflutningur hefst.
- Að því er varðar sannpröfun, sem fer fram eftir á í samræmi við almenna tilflutningsleyfið fyrir heri og innkaupastofnanir, ættu aðildarríki að tryggja að birgjar gefi skýrslu um notkun almenna tilflutningsleyfisins fyrir heri og innkaupastofnanir, í samræmi við kvaðir um lágmarksskýrslugjöf, eins og tilgreint er í 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/43/EB.

2. EFTIRFYLGNI

Aðildarríkin eru hvött til að koma tilmælum þessum í framkvæmd eigi síðar en 1. júlí 2017.

Aðildarríkin eru hvött til þess að tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að koma þessum tilmælum til framkvæmda.

3. VIÐTAKENDUR

Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Elzbieta BIEŃKOWSKA

framkvæmdastjóri

⁽¹⁾ Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2013 frá 14. júní 2013 (Stjtíð. ESB L 318, 28.11.2013, bls. 12), sem felldi tilskipun 2009/43/EB inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, innihélt afdráttarlausan aðlögunartexta: „Tilskipun þessi gildir ekki um Liechtenstein“.